

Nd.

496. Frumvarp til laga

[196. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Eftir 2. umr. í Nd. 22. mars.)

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga til búrekstrar á jörðum þeirra árin 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til trygginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda á bújörðum. Ákvörðun um lánakjör skal tekin af bankaráði Búnaðarbanka Íslands að höfðu samráði við fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum samkvæmt lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum þeim sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvóddum mönnum á þann hátt sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 34 29. maí 1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, gilda um lánveitingar skv. lögum þessum, að öðru en því sem hér er á annan veg ákveðið.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við bankaráð Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda er sæti eiga í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.